

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

GRETTISGÖTU 89, 105 REYKJAVÍK
SÍMI 91 - 626688, FAX 91 - 629106



Alþingi

Erindi nr. Þ 116 / 75

komudagur 5 / 10 1992

R. 01.10.1992

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi.

Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja hefur borist bréf frá nefndinni, dags. 17.09.1992, þar sem BSRB er beðið um umsögn um frumvarp til laga un neytendalán, 14.mál.

Stjórn BSRB hefur áður veitt nefndinni umsögn um frumvarp til laga um lánsviðskipti, en þetta frumvarp mun eiga að koma í stað þess. Stjórn BSRB vísar til þeirrar umsagnar en vill gera eftirfarandi athugasemdir við hið nýja frumvarp.

1. Í nýja frumvarpinu er breyting á 1. gr. þannig að við bætast tveir liðir sem eru undanþegnir lögum þessum. BSRB telur þetta ekki breytingu til bóta og gildir það einkum um g-lið greinarinnar.

2. Í 13. grein um auglýsingar hefur seinni hluti greinarinnar verið felldur niður en hann hljóðar svo í fyrra frumvarpi:

"...með viðhlítandi dæmi sé annars ekki kostur. Ef lánveitandi er jafnframt seljandi vöru eða þjónustu skal hann einnig gefa upp staðgreiðsluverð."

Stjórn BSRB leggur til að þessi viðbót verði tekin inn í frumvarplið að nýju.

3. Viðbót sú er felst í 22. grein er til bóta.

R. 01.10.1992

f.h. stjórnar BSRB

Ögmundur Jónasson
formaður BSRB